

Keilusamband Íslands

Þinggerð 9. þings KLÍ



Föstudaginn 19.apríl 2002
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Keilusamband Íslands

Þinggerð 9. þings KLÍ

Föstudaginn 19.apríl 2002
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

- Þingforseti:** Hafsteinn Pálsson og Hannes Þ. Sigurðsson eftir hlé.
- Þingritari:** Sigfríður Sigurðardóttir
- Stjórn KLÍ:** Valgeir Guðbjartsson formaður
Hörður Ingi Jóhannsson varaformaður var fjarverandi
Sigríður Klemensdóttir gjaldkeri
Erla Ívarsdóttir ritari
- Varastjórn:** Björgvin Björgvinsson meðstjórnandi var fjarverandi
Ásgrímur Helgi Einarsson
Magnús Reynisson
Theódóra Ólafsdóttir
- Þingfulltrúar ÍBR:** Ingimundur Helgason Fylki
Halldór Ragnar Halldórsson ÍR
Þórarinn Þorbjörnsson ÍR
Jónas Gunnarsson KR
Haraldur Sigursteinsson KFR
Jóna Kristbjörg Þórisdóttir KFR
Súsanna Kristín Knútsdóttir KFR
Theódóra Ólafsdóttir KFR
Unnur Vilhjálmsdóttir KFR
Þórir Ingvarsson KFR
- Þingfulltrúar ÍA:** Guðmundur Sigurðsson ÍA
Sigurður Guðmundsson ÍA
- Þingfulltr. UMSK:** Baldur Bjartmarsson
Sigurður Jóhannsson
Skúli Arnfinnsson
- Þingfulltrúar ÍRB:** Kjörbréf ekki lagt fram og enginn þingfulltrúi mættur.
- Formenn nefnda:** Þórhallur Hálfðánarson formaður mótanefndar

1. Þingsetning

Valgeir Guðbjartsson, formaður KLÍ, bauð þingfulltrúa velkomna og setti fundinn kl. 18:10

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Þingforseti kosinn Hafsteinn Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og Hannes Þ. Sigurðsson sem varaþingforseti. Ritari var kjörinn Sigfríður Sigurðardóttir og Erla Ívarsdóttir henni til aðstoðar. Hafsteinn þakkaði traustið sem honum var sýnt og skýrði frá því að eftir hlé muni Hannes Þ. Sigurmundsson taka við þingstjórn. Hafsteinn bar kveðjur frá forseta og framkvæmdastjórn ÍSÍ og starfsfólki ÍSÍ. Minnti á að helgina 27. – 28. apríl er 90 ára afmælisþing ÍSÍ og verður stærsta málið þar umræða um lyf og lyfjaeftirlit. Hafsteinn fór yfir boðun þingsins og engar athugasemdir koma fram. Því telst svo vera að löglega hafi verið boðað til þingsins.

3. Kosið í fastanefndir

- a. Kjörbréfanefnd: Erla Ívarsdóttir, Þórarinn Þorbjörnsson og Þórhallur Hálfðánarson.
- b. Fjárhagsnefnd: Theódóra Ólafsdóttir, Ásgrímur Einarsson, Sigríður Klemensdóttir.
- c. Laga- og leikreglanefnd: Þórir Ingvarsson, Haraldur Sigursteinsson, Jónas Gunnarsson.
- d. Allsherjarnefnd: Unnur Vilhjálmsdóttir, Guðmundur Sigurðsson, Jóna Kristbjörg Þórisdóttir.
- e. Kjörnefnd: Súsanna Knútsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Ingimundur Helgason.

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Valgeir leit um öxl og fór yfir liðin ár. Síðustu 4 – 5 ár hefur hallað á ógæfuhliðina varðandi fjölda keppenda í keilu og var botninum náð 2001. Fjöldi fór þó upp á við í vetur t.d. með tilkomu keilusalár á Akranesi og vonandi enn frekar þegar nýr salur verður opnaður í Grafarvogi. Umfjöllun um keiluna jókst í fjölmiðlum á síðasta tímabili með þátttöku í Lengjunni og úrdrætti bikarleikja á Bylgjunni. Fyrirtækjadeild KLÍ var einnig lyftistöng og náði til þeirra sem ekki eru tilbúnir að keppa reglulega. Landsliðin náðu auk þess frábærum árangri á síðasta ári og verið er að vinna að því að afla nýrra styrktaraðila.

Strax á eftir gerði Erla Ívarsdóttir formaður kjörbréfanefndar grein fyrir störfum nefndarinnar. Borist höfðu þrjú kjörbréf, frá ÍBR, UMSK og ÍA, en ekkert frá ÍRB. Tveir fulltrúar voru frá ÍA, þrír frá UMSK og tíu frá ÍBR. Samtals voru þetta 15 fulltrúar og var samþykkt samhljóða að þessir fulltrúar væru löglega kjörnir fulltrúar á þinginu.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

Sigríður Klemensdóttir gjaldkeri KLÍ lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins. Guðni S. Gústafsson löggiltur endurskoðandi endurskoðaði reikninginn en varamaður var erlendis og áritaði því ekki reikninginn. Velta sambandsins var um 6,9 milljónir króna. Halli á rekstri sambandsins var 297 þúsund krónur, aðallega vegna Norðurlandamóta sem haldin eru annað hvert ár. Tekjur jukust milli ára og

kostnaður einnig. Vaxtagjöld jukust vegna láns fyrir Evrópumót. Skuldlaus eign KLÍ var 906 þúsund um áramót.

Orðið var gefið laust vegna skýrslu stjórnar um reikninga. Engin athugasemd kom fram og umræðunni því lokið. Reikningar **samþykktir samhljóða**.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Sigríður Klemensdóttir gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir 2003 ásamt endurmetinni fjárhagsáætlun fyrir 2002. Breytingar urðu á endurmati 2002 innan einstakra liða, en gert var ráð fyrir sömu heildartekjum en hækkun á gjöldum sem nemur 6 þúsund krónum (sjá þingskjal 1). Fjárhagsáætlunin var lögð fyrir fjárhagsnefnd til umfjöllunar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar

Þingforseti lagði til að vísa án umræðu öllum breytingum á lögum og reglugerðum til laga- og leikreglnanefndar og var það **samþykkt samhljóða**.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar

Engar athugasemdir eða tillögur voru bornar fram og spurði þingforseti hvort þingfulltrúar vildu að þingið héldi áfram eftir 30 mínútna hlé í stað þess að halda áfram laugardaginn 20. apríl. **Samþykkt samhljóða** að halda störfum áfram eftir að nefndir hafa lokið störfum. Þinghlé boðað kl. 18:45

Veitingar í boði KLÍ.

ÞINGHLÉ

20:20 var fundur settur aftur.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Fjárhagsnefnd: Sigríður Klemensdóttir formaður fjárhagsnefndar tilkynnti breytingar á fjárhagsáætlun 2003 og endurmetinni fjárhagsáætlun ársins 2002. Gert er ráð fyrir að árið 2002 aukist tekjur af Lottói um 200 þúsund krónur frá fyrri áætlun og að skráningargjöld liða lækki um 50 þúsund. Heildartekjur hækki því um 150 þúsund krónur og verði 7,3 milljónir í stað 7.150.000 króna. Gert er ráð fyrir að árið 2003 verði tekjur af Lottói 800 þúsund krónur, verðlaunakostnaður verði 250 þúsund og að kostnaður vegna heimsmeistaramóta verði ein milljón króna. Samkvæmt breyttri áætlun verða tekjur ársins 2003 8,7 milljón krónur og gjöld rúmlega 8,6 milljón krónur. Gert er ráð fyrir hagnaði upp á 46 þúsund krónur. Enginn tekur til máls varðandi fjárhagsáætlun 2003 og endurmat fjárhagsáætlunar 2002. Lagt fram til kosninga hjá þingfulltrúum og **samþykkt samhljóða**.

Laga- og leikreglnanefnd: Þórir Ingvarsson formaður laga- og leikreglnanefndar fór yfir tillögur um breytingar. Samþykkt var að ein tillaga yrði borin upp í einu, hún rædd og borin undir atkvæði, með breytingum ef svo bar undir, áður en ný tillaga yrði tekin fyrir. Síðan bar þingforseti alla reglugerðina með breytingum undir atkvæði.

Þingskjal 2

Lög Keilusambands Íslands

7. grein var:

Aukaþing skal halda þegar helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukaþings má hafa styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem hættur er í félaginu eða fluttur úr héraðinu eða forfallast á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

7. grein verður:

Aukaþing skal halda þegar helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukaþings má hafa styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem hættur er í félaginu eða fluttur úr héraðinu eða forfallast á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

Engin umræða fór fram um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Þingskjal 3 og 3A

Reglugerð KLÍ fyrir dómara

2. grein var:

Mótanefnd raðar dómgæslu niður á félög í upphafi keppnistímabils. Í mótum sem stýrt er af mótstjóra getur hann jafnframt verið dómari, sé hann viðurkenndur af KLÍ sem slíkur. Dómara er ekki heimilt að keppa eða gegna öðrum störfum jafnframt því að hann sinni dómgæslu.

2. grein verður:

Mótanefnd raðar dómgæslu niður á félög í upphafi keppnistímabils. Í mótum sem stýrt er af mótstjóra getur hann jafnframt verið dómari, sé hann viðurkenndur af KLÍ sem slíkur. Dómara er ekki heimilt að gegna öðrum störfum jafnframt því að hann sinni dómgæslu.

7. grein var:

Í liðakeppni skal dómari kvitta fyrir liðskipan á leikskýrslur áður en leikur hefst og má lið ekki hefja leik fyrr. Að loknum viðureignum skal hann síðan taka við leikskýrslum, athuga hvort undirskriftir fyrirliða beggja liða séu til staðar, athuga að skortölum einstaklinga beri saman við glærur eða tölvuútskriftir, skrifa athugasemdir ef einhverjar eru og undirrita. Að lokum skal hann koma leikskýrslum og skorblöðum til mótstjóra eða í póstkassa KLÍ.

Ef um refsivert brot er að ræða skal dómari fullvissa sig um að aganefnd viti af brotinu með því að hafa samband við formann eða aðra nefndarmenn aganefndar eins fljótt og auðið er að leik loknum, en ekki síðar en 36 stundum frá lokum leiks.

7. grein verður:

Dómarar í deildarkeppninni eru einn maður úr hverju liði og annar til vara og skulu þeir einstaklingar hafa sótt dómaranámskeið. Ef eitthvað kemur uppá í viðureign liðanna sem dómarar geta ekki leyst sín á milli skal það sett á dómaraskýrslu og vísað til aganefndar. Hafa skal dómara í öðrum Íslandsmótum.

Í liðakeppni skulu fyrirliðar eða staðgenglar þeirra kvitta fyrir liðskipan á leikskýrslur áður en leikur hefst og má lið ekki hefja leik fyrr. Að loknum viðureignum skulu þeir síðan taka við leikskýrslum, athuga hvort undirskriftir fyrirliða beggja liða séu til staðar, athuga að skortölum einstaklinga beri saman við glærur eða tölvuútskriftir, skrifa athugasemdir ef einhverjar eru og undirrita. Að lokum skulu þeir koma leikskýrslum og skorblöðum í póstkassa KLÍ.

Ef um refsivert brot er að ræða skal dómari fullvissa sig um að aganefnd viti af brotinu með því að hafa samband við formann eða aðra nefndarmenn aganefndar eins fljótt og auðið er að leik loknum, en ekki síðar en 36 stundum frá lokum leiks.

Spurning frá Skúla Arnfinnssyni varðandi þingskjal 3 og 3A hvort ekki eigi að halda langþráð dómaranámskeið og svarar Valgeir því að stjórn KLÍ muni beita sér fyrir því í nánustu framtíð.

Ekki fór fram frekari umræða tillögurnar og voru þær samþykktar samhljóða.

Þingskjal 5

Reglugerð KLÍ um keilumót

12. grein (viðbót) verður:

Flokkamót

Í mótum þar sem keppendum er skipt í flokka miðað við getu skal enginn keppa í lágsta flokki nema hann hafi til þess skráð meðaltal. Byrjendum sem ekki hafa áður eignast skráð meðaltal má þó raða í neðsta flokk fram að útgáfu næsta allsherjar-meðaltals.

Þeir sem taka þátt í forgjafarmóti og hafa ekki skráð meðaltal skulu nota 120 stig við útreikning á forgjöf.

Þórarni Þorbjörnssyni fannst skorið fulllágð og varð frekari umræða um málið milli Halldórs Ragnar Halldórssonar og Þóris Ingvarssonar. Forgjöf í mótum KLÍ er 75% af mismuni á 200 stigum. Engin breytingartillaga kom fram og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 6 og 6A

Reglugerð KLÍ um féлага og/eða liðaskipti

2. grein var:

Tímabil féлага- og/eða liðaskipta

Tímabil liðaskipta eru eftirfarandi:

- a) Frá og með 1. maí til og með 31. júlí ár hvert eru liðaskipti frjáls (þ.e. öðlast gildi við móttöku leikheimildar).
- b) Leikmönnum er aðeins heimilt að skipta einu sinni um lið frá og með 1. ágúst til og með 31. desember. Leikmaður öðlast leikheimild með nýju liði eftir 14 daga frá því að lögleg umsókn um leikheimild hefur verið móttækin. Hafi leikmaður verið utan liðs í 14 daga þegar hann gengur í nýtt lið, öðlast hann keppnisrétt strax og liðaskiptagjald hefur verið greitt.
- c) Frá og með 1. janúar til og með 30. apríl eru öll liðaskipti óheimil.

Tímabil félagaskipta eru eftirfarandi:

- d) Frá og með 1. maí til og með 31. júlí ár hvert eru félagaskipti frjáls (þ.e. öðlast gildi við móttöku leikheimildar).
- e) Leikmanni er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. ágúst til og með 30. apríl og öðlast hann leikheimild með nýju félagi 14 dögum frá því að lögleg umsókn um leikheimild hefur verið móttækin. Hafi leikmaður verið utan félags í 14 daga þegar hann gengur í nýtt félag, öðlast hann keppnisrétt strax og liðaskiptagjald hefur verið greitt.

2. grein verður:

Tímabil féлага- og/eða liðaskipta

Tímabil félagaskipta eru eftirfarandi:

Leikmönnum er ávallt heimilt að skipta um félag.

Tímabil liðaskipta eru eftirfarandi:

Leikmönnum eru liðaskipti frjáls frá og með 1. júní til og með 31. júlí ár hvert. Leikmönnum er aðeins heimilt að skipta einu sinni um lið frá og með 1. ágúst til og með 31. janúar. Frá og með 1. febrúar til og með 31. maí eru liðaskipti óheimil, utan sértílvik sbr.d- og g-lið 3. greinar.

Fyrirspurn kom frá Ingimundi Helgasyni og óskaði hann eftir útskýringu á því hver sé skilgreining á móttöku leikheimilda. Þórir Ingvarsson svaraði að það væri þegar gíróseðillinn hafi verið greiddur. Spurning vaknaði þá hvenær leikheimildin sé veitt og hver veitir hana. Er nánar útskýrt í 3. grein sömu laga. Ásgrímur benti á að staðfestingarferlið vanti. Hvernig tilkynnir Keilusambandið leikheimildina? Hefur

ekki verið gert undanfarin tvö ár og er ekki í samræmi við reglugerðina. Menn sammála um það að Keilusambandið þurfi að skerpa á þessu og framfylgja því að veita leikheimildina samkvæmt reglugerðinni. Afgreiðslu á þessari reglu frestað fram eftir kvöldi þar til Ingimundur lagði fram breytingartillögu á reglugerð KLÍ um féлага- og/eða liðaskipti. Tillagan var að lokum samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7 og 7A

Reglugerð KLÍ um bikarkeppni liða

4. grein var:

Minnst tveimur vikum fyrir umferð skal draga um hvaða lið leika saman. Dregin skulu tvö og tvö lið saman. Það lið sem fyrr er dregið úr pottinum skal fá heimaleik. Lið í neðri deildum fær þó alltaf heimaleikinn til sín þar til komið er að undanúrslitum. Lið í 1. deild hefja þátttöku í 32ja liða úrslitum. Bikarmeistarar taki ekki þátt í forkeppni sem haldin er til að jafna liðafjölda.

4. grein verður:

Draga skal í næstu umferð sem fyrst eftir að umferð er lokið og aldrei síðar en tveimur vikum fyrir umferðina. Dregin skulu tvö og tvö lið saman. Það lið sem fyrr er dregið úr pottinum skal fá heimaleik. Lið í neðri deildum fær þó alltaf heimaleikinn til sín þar til komið er að undanúrslitum. Lið í 1. deild hefja þátttöku í 32ja liða úrslitum. Bikarmeistarar taki ekki þátt í forkeppni sem haldin er til að jafna liðafjölda (þ.e. ef lið þarf að sitja yfir þá gera bikarmeistararnir það).

Ásgrímur Einarsson spurði hvort eðlilegt væri að lið geti farið beint inn í undanúrslit eða jafnvel beint inn í úrslit. Þórir svaraði því til að bikarmeistarar síðasta árs eigi að njóta góðs af því að hafa sigrað. Sigríður Klemensdóttir benti á að í dag eigi þetta bara við um kvennadeildina og að vonandi verði fleiri lið þátttakendur á næstu árum. Ásgrímur stóð við sína breytingartillögu sem var þingskjal nr. 7 en kom breytt úr nefnd. Tvær tillögur voru því komnar fram sem þingið þurfti að taka afstöðu til. Menn voru beðnir um að lesa vel yfir. Kosið var um breytingartillögu Ásgríms og var einn með en 14 á móti. Hin tillagan sem kom frá Keiludeild KR með breytingu úr nefnd var samþykkt með miklum meirihluta og var einn á móti.

Þingskjal 7B1 og 7B2

Reglugerði KLÍ um bikarkeppni liða

2. grein var:

Rétt til þátttöku hafa öll lið sem starfa innan vébanda Keilusambands Íslands. Hverju liði er heimilt að senda tvær sveitir til Bikarkeppninnar, A og B sveit. Félög skulu tilkynna þátttöku liða í Bikarkeppni liða eigi síðar en 31. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum.

2. grein verður:

Rétt til þátttöku hafa öll lið sem starfa innan vébanda Keilusambands Íslands. Hverju liði er heimilt að senda tvær sveitir til Bikarkeppninnar, A og B sveit. Félög skulu tilkynna þátttöku liða í Bikarkeppni liða eigi síðar en 15. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum.

3. grein var :

Bikarkeppnin skal fara fram samhliða Íslandsmóti liða. Keppt skal eftir útsláttarfyrikomulagi. Hver viðureign skal vera ein þriggja leikja sería og það lið sem fær hærra heildarskor í seríunni telst sigurvegari. Fá liðin sama heildarskor skulu þau spila 9. og 10. ramma þar til úrslit liggja fyrir.

3. grein verður:

Bikarkeppnin skal fara fram samhliða Íslandsmóti liða. Keppt skal eftir útsláttarfyrikomulagi. (Hver viðureign skal vera ein þriggja leikja sería og það lið sem fær hærra heildarskor í seríunni telst sigurvegari. Fá liðin sama heildarskor skulu þau spila 9. og 10. ramma þar til úrslit liggja fyrir.) Hver viðureign skal vera a.m.k. þrjú leikir með möguleika á fjórða leik til að fá úrslit og síðan framlengingu, sjá hér á eftir. Það lið sem fyrr vinnur þrjú leiki telst sigurvegari. Ef skor liða er jafnt í einhverjum þessara leikja skulu liðin spila 9. og 10. ramma þar til úrslit liggja fyrir. Ef hvort lið hefur unnið tvo leiki að loknum þessum fjórum leikjum skal framlengt. Framlenging skal vera 9. og 10. rammi þar til úrslit liggja fyrir.

9. grein var:

Fjarveruskor

Fjarveruskor, 130 stig, skal veitt því liði sem leikur með aðeins þrjú menn. Lið getur ekki hafið leik með færri en þrjú leikmenn. Ef leikmaður yfirgefur leik, skal fjarveruskor hans gilda út viðureignina, þ.e. hann fær 10% af fjarveruskori fyrir hvern þann ramma sem eftir er, nema varamaður komi inn á í hans stað í næsta leik.

Seinir leikmenn fá 0 fyrir hvern þann ramma sem þeir missa af.

Leikir sem samanstanda að hluta til eða alveg af fjarveruskori verða ekki teknir með við útreikning á meðalskori.

9. grein verður:

Fjarveruskor

Fjarveruskor, 120 stig, skal veitt því liði sem leikur með aðeins þrjá menn. Lið getur ekki hafið viðureign með færri en þrjá leikmenn. Ef leikmaður yfirgefur leik, skal fjarveruskor hans, 120 stig, gilda út viðureignina, þ.e. hann fær 10% af fjarveruskori fyrir hvern þann ramma sem eftir er, nema varamaður komi inn á í hans stað í næsta leik.

Seinir leikmenn fá 0 fyrir hvern þann ramma sem þeir missa af.

Leikir sem samanstanda að hluta til eða alveg af fjarveruskori verða ekki teknir með við útreikning á meðalskori.

Unnur Vilhjálmisdóttir kom fram með nýja breytingartillögu við 3. grein og afgreiðslu á þingskjali 7B1 frestað. Breytingartillaga Unnar á 3. grein var borin upp og útskýrð. Áfram verði leiknir 3 leikir og 2 stig fyrir hvern leik og heildarskor og heildarpinnafall gildi ef bæði lið fá 4 stig. Halldór Ragnar nefndi að sitthvort fyrirkomulagið mætti gilda fyrir karla- og kvennabikarkeppni og taldi að með þessu væri hægt að byggja upp meiri spennu í bikarnum því sigra þurfi hvern leik, en ekki bara heildina. Theódóra Ólafsdóttir velti upp hversu mikið þetta muni kosta liðin ef lengja þurfi hvern leik um kannski klukkutíma. Ásgrímur sagði að þetta muni kannski vera kostnaðarauki fyrir liðin upp á um 5000 krónur yfir tímabilið. Tillaga Unnar var um nánast óbreytt fyrirkomulag. Ingimundur nefndi dæmi um 9. grein. Ef lið mætir með þrjá leikmenn og fær einhvern af götunni sem byrjar leik og fer svo af velli og fær fjarveruskor. Jónas sagði að fjarveruskor væri ekki æskilegt vegna Lengjunnar. Halldór Ragnar benti á að ekki væri betra að lið mæti með 3 leikmenn. Þórir bentir á að í flestum íþróttagreinum t.d. í handbolta fái menn ekki forgjöf þó það vanti tvær skyttur. Á að veita þeim sem ekki mæta með fullmannað lið umbun fyrir það eða refsa þeim? Ingimundur nefndi að hans lið hafi mætt í bikarleik með blindan og unnið leiknum en fengið bréf frá mótanefnd tveimur dögum seinna um að liðið hafi tapað leiknum vegna þess að þá var ekki inni í reglum að fjarveruskor ætti að vera í bikarleikjum. Telur að verið sé að taka út aftur það sem sett var inn eftir þann atburð. Að lokum var tillaga laga- og leikreglanefndarinnar með áorðnum breytingum borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða með 10 atkvæðum.

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða

2. grein var:

Rétt til þátttöku hafa öll félög sem starfa innan vébanda KLÍ. Félög skulu tilkynna þátttöku liða í Íslandsmótið eigi síðar en 31. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum (*Þáttökutilkynning*), og eru þau jafnframt ábyrg fyrir greiðslu þáttökugjalds.

2. grein verður:

Rétt til þátttöku hafa öll félög sem starfa innan vébanda KLÍ. Félög skulu tilkynna þátttöku liða í Íslandsmótið eigi síðar en 15. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum (*Þáttökutilkynning*), og eru þau jafnframt ábyrg fyrir greiðslu þáttökugjalds.

Engar athugasemdir komu fram um þessa tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

3. grein, a-liður var:

Deildakeppni karla

a) Niðurröðun í deildir

Leikið skal heima og heiman í 12 liða deildum eða eins og þátttaka leyfir.

Leikin skal að lágmarki tvöföld umferð. Í fyrstu deild skal leikin úrslitakeppni 4ra efstu liðanna að lokinni tvöfaldri umferð í deildarkeppninni.

Tvö neðstu lið í hverri deild falla í næstu deild fyrir neðan (undantekning: neðsta deild) og þeirra sæti taka tvö efstu liðin úr þeirri deild.

Séu 23 lið eða færri í þriðju deild og neðri deildum skal sameina þær í eina deild sem spilast á eftirfarandi hátt:

- i) 5–13 lið, einn riðill
- ii) 14–23 lið, tveir riðlar

Ef 4 lið eða færri eru eftir í neðstu deild skal hún sameinuð næstu deild fyrir ofan sem spilast samkvæmt ofanskráðu.

Raðað skal í riðla þannig að þeir verði sem jafnastir að styrkleika miðað við árangur síðasta árs. Tvö efstu liðin úr hverjum riðli komast í úrslitakeppni þar sem leikin skal tvöföld umferð, heima og heiman, með sömu stigagjöf og í forkeppninni.

Í deild með 6 eða færri liðum skal leika 4 umferðir, í deild með 7–8 liðum skal leika 3 umferðir og í deild með 9 eða 13 liðum eða riðlaskiptri deild skal leika tvöfalda umferð.

Ef liðum fjölgar svo að neðsta deild fer yfir 23 liða hámark skal stofna nýja deild. Ný deild skal skipuð þeim liðum sem bættust við frá fyrra keppnistímabili og þeim sem voru í 13. sæti eins riðils deildar eða 7.–12. sæti tveggja riðla deildar

Ef fjölgun liða veldur því að ný deild er stofnuð og færri en 12 lið voru í neðstu deild keppnistímabilið á undan skal hlutkesti ráða hvaða ný lið taka sæti í efri deild.

3. grein, b-liður verður:

Deildakeppni karla

a) Niðurröðun í deildir

Leikið skal heima og heiman í 12 liða deildum eða eins og þátttaka leyfir þó með undantekningum sem getið er hér að neðan.

Leikin skal að lágmarki tvöföld umferð. Í fyrstu deild skal leikin einföld umferð, allir við alla. Að því loknu skal skipta deildinni í tvo riðla, efri og neðri. Í riðlunum skal leika tvöfalda umferð, heima og heiman. Efsta liðið í efri riðli er Deildarmeistari 1. deildar, en tvö neðstu liðin í neðri riðli falla í 2. deild.

Tvö neðstu lið í hverri deild falla í næstu deild fyrir neðan (undantekning: neðsta deild) og þeirra sæti taka tvö efstu liðin úr þeirri deild.

Séu 23 lið eða færri í þriðju deild og neðri deildum skal sameina þær í eina deild sem spilast á eftirfarandi hátt:

- i) 5–13 lið, einn riðill
- ii) 14–23 lið, tveir riðlar

Ef 4 lið eða færri eru eftir í neðstu deild skal hún sameinuð næstu deild fyrir ofan sem spilast samkvæmt ofanskráðu.

Raðað skal í riðla þannig að þeir verði sem jafnastir að styrkleika miðað við árangur síðasta árs. Tvö efstu liðin úr hverjum riðli komast í úrslitakeppni þar sem leikin skal tvöföld umferð, heima og heiman, með sömu stigagjöf og í forkeppninni.

Í deild með 6 eða færri liðum skal leika 4 umferðir, í deild með 7–8 liðum skal leika 3 umferðir og í deild með 9 eða 13 liðum eða riðlaskiptri deild skal leika tvöfalda umferð.

Ef liðum fjölgar svo að neðsta deild fer yfir 23 liða hámark skal stofna nýja deild. Ný deild skal skipuð þeim liðum sem bættust við frá fyrra keppnistímabili og þeim sem voru í 13. sæti eins riðils deildar eða 7.–12. sæti tveggja riðla deildar

Ef fjölgun liða veldur því að ný deild er stofnuð og færri en 12 lið voru í neðstu deild keppnistímabilið á undan skal hlutkesti ráða hvaða ný lið taka sæti í efri deild.

Mikil umræða varð um niðurröðun leikja. Halldór Ragnar benti á ójöfnuð í því að spila heima og heiman í einni umferð. Niðurröðun leikja verði tilviljanakennd. Hann spurði hvers vegna tvær umferðir verði ekki spilaðar. Theódóra spurði þá hvort ekki væri hægt að spila tvöfalda umferð áður en skipt væri upp í riðla, en menn voru á því að þá muni tímabilið lengjast eða þá að spila þurfi tvisvar í viku og það sé erfitt gagnvart húsunum. Theódóra sammála því að ekki eigi að vera tilviljanakennt hvar lið leiki. Þórhallur spurði hvort ekki ætti að byrja á tvöfaldri 12 liða umferð og spila svo einfalda 6 liða umferð í efri og neðri riðlum og að innbyrðis viðureignir úr fyrri umferð muni skera úr um heimaleiki. Eftir töluverðar umræður óskaði þingforseti eftir breytingartillögum. Ingimundur lagði til að þreföld umferð yrði leikin eftir skiptingu og úrslitum sleppt. Jónas Gunnarsson lagði til að úrslitakeppni yrði bætt við tillögu Ingimundar þannig að leiknar verði 36 umferðir og úrslit. Haraldur Sigursteinsson óskaði eftir skýrri heildarmynd frá leikmönnum 1. deildar. Jónas útskýrði að fjölga þurfi leikjum milli jafnra liða, því ójöfnuðurinn sé það sem sé ókosturinn við 1. deild karla. Ásgrímur velti fyrir sér kostnaðinum við þessa breytingu. Umræðum um tillöguna lokið og tvær tillögur bornar upp til atkvæða. Tillagan: þreföld umferð heima og heiman og úrslitakeppni frá Ingimundi og Jónasi – 2 með, 7 á móti. Tillaga nefndarinnar borin undir atkvæði – samþykkt samhljóða.

3. grein, b-liður var:

Lið dregur sig úr keppni

Dragi lið úr efri deild sig úr keppni áður en mót hefst eða taki ekki sæti sem það á rétt til, skal efna til aukakeppni milli þeirra tveggja liða sem voru neðst í viðkomandi deild og þeirra liða sem lentu í 3. og 4. sæti næstu deildar fyrir neðan eða sátu eftir í úrslitakeppni riðlaskiptrar deildar, ef um slíka deild er að ræða, keppnistímabilið á undan. Efsta liðið úr aukakeppni þessari, þar sem spiluð skal tvöföld umferð heima og heiman, hlýtur lausa sætið.

Sömu reglur gilda um laust sæti sem óhjákvæmilega losnar í næstu deild uns komið er niður í neðstu deild.

Ef fjölda liða í neðstu deild fækkar með þessu í 4 lið eða færri skal hún sameinuð næstu deild fyrir ofan. Ef fjölda liða í 3. deild og neðri deildum fækkar með þessu í 23 lið eða færri skulu deildirnar sameinaðar. Falli fleiri lið en eitt úr keppni skal stjórn KLÍ ákvarða hvernig spilað skal um lausu sætin.

3. grein, b-liður verður:

Lið dregur sig úr keppni

Dragi lið úr efri deild sig úr keppni áður en mót hefst eða taki ekki sæti sem það á rétt til, skal efna til aukakeppni – umspils. Í umspili taka þátt þau lið sem enduðu í næst neðsta sæti efri deildar og í 3. sæti í neðri deild. Ef tvö sæti losna í efri deild færast bæði liðin upp í efri deild. Ef þrjú sæti losna í efri deild keppir liðið sem var í neðsta sæti í efri deild við liðið sem var í 4. sæti í neðri deild. Ef fjögur sæti losna í efri deild fara bæði liðin, liðið í neðsta sæti og liðið í 4. sæti neðri deildar, upp í efri deild. Umspil skal spilað fyrir 1. júní.

Sömu reglur gilda um (laust) sæti sem óhjákvæmilega losnar í næstu deild uns komið er niður í neðstu deild.

Ef fjölda liða í neðstu deild fækkar með þessu í 4 lið eða færri skal hún sameinuð næstu deild fyrir ofan. Ef liðum í 3. deild og neðri deildum fækkar með þessu í 23 lið eða færri skulu deildirnar sameinaðar

3. grein, c-liður var:

Sigurvegari í 1. deild karla hlýtur titilinn „Deildarmeistari 1. deildar karla“.

Sigurvegararar í neðri deildum karla hljóta titilinn „Íslandsmeistari viðkomandi deildar karla“.

3. grein, c-liður verður:

Sigurvegari í efri riðli 1. deild karla hlýtur titilinn „Deildarmeistari 1. deildar karla“.

Sigurvegararar í neðri deildum karla hljóta titilinn „Íslandsmeistari viðkomandi deildar karla“.

4. grein var:

Úrslitakeppni 1. deildar karla

Fjögur efstu liðin eftir deildarkeppni komast í úrslitakeppni þar sem spilaðar eru tvær umferðir. Það lið sem endar ofar í deildarkeppninni skal eiga heimaleik fyrst og svo til skiptis. Það lið sem fær hærra pinnafall vinnur viðureignina. Verði jafntefli skal leikinn bráðabani, 9. og 10. rammi.

1. umferð Viðureign 1: lið 1 og lið 4

 Viðureign 2: lið 2 og lið 3

Það lið sem fyrr er að vinna tvo leiki, sigrar.

2. umferð Sigurvegarar úr viðureign 1 og 2 úr 1. umferð spila til úrslita og það lið sem fyrr vinnur þrjá leiki sigrar og hlýtur nafnbótina „Íslandsmeistarar liða í karlaflokki". Tapliðin úr 1. umferð skulu leika um 3. sætið og það lið sem vinnur hlýtur 3. sætið.

4. grein verður:

Úrslitakeppni 1. deildar karla

Tvö efstu liðin eftir keppni í efri riðli 1. deildar karla komast í úrslitakeppni þar sem spilað er samkv. bikarfyrirkomulagi, heima og heiman. Það lið sem endar ofar í riðlakeppninni skal eiga heimaleik fyrst og svo til skiptis, deildarmeisturunum nægir sigur í tveimur viðureignum til að hljóta titilinn "Íslandsmeistarar liða í karlaflokki", en liðið sem endar í öðru sæti í riðlakeppninni þarf að vinna þrjár viðureignir.

6. grein (viðbót) verður:

Úrslitakeppni 1. deildar kvenna

Fjögur efstu liðin eftir deildarkeppni komast í úrslitakeppni þar sem spilaðar eru tvær umferðir heima og heiman, allir við alla. Notuð skal hefðbundin töfluröð fyrir fjögur lið. Liðin taka með sér stig inn í úrslitakeppnina sem hér segir:

1. sæti í deildakeppni:	12 stig
2. sæti í deildakeppni:	8 stig
3. sæti í deildakeppni:	4 stig
4. sæti í deildakeppni:	0 stig

Sigurvegari í úrslitakeppni 1. deildar kvenna hlýtur titilinn „Íslandsmeistari liða í 1. deild kvenna.

Þórhallur benti á að fella þurfi út eða breyta reglugerð um fyrirkomulag úrslitakeppni í kvennadeild. Menn sammála um að þetta sé samræmingaratriði sem farið verði yfir þegar reglurnar verða endurskrifaðar. Ekki fór fram frekari umræða um tillöguna og var hún samþykkt með meginþorra atkvæða gegn einu mótaskvæði.

6. grein var:

Stigagjöf

Hver viðureign skal vera þrjú leikir. Fyrir hærra samanlagt skor liðsmanna í hverjum leik fyrir sig fær lið tvö stig og fyrir hærra heildarskor eftir leikina þrjú fær lið tvö stig. Fyrir jafntefli í einum leik eða jafnt heildarskor fær hvort lið eitt stig.

Ef löglega skipað lið er ekki mætt til keppni við lok upphitunar skal leikurinn úrskurðaður því liði tapaður og það lið sem mætir skal ekki spila til að fá stigin. Sekta skal það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigunni.

6. grein verður 7. grein:

Stigagjöf – Lið sem mætir ekki til keppni

Hver viðureign skal vera þrjú leikir. Fyrir hærra samanlagt skor liðsmanna í hverjum leik fyrir sig fær lið tvö stig og fyrir hærra heildarskor eftir leikina þrjú fær lið tvö stig. Fyrir jafntefli í einum leik eða jafnt heildarskor fær hvort lið eitt stig.

Veitt eru aukastig þannig að einnig er innbyrðiskeppni leikmanna er leika í sömu röð, þannig að leikmaður sem er með hærra skor fær 2 stig fyrir unninn leik.

Stigin færast á hvern leikmann fyrir sig og getur leikmaður fengið sex stig úr hverri viðureign. Ef skorið er jafnt hjá leikmönnum er veitt eitt stig til hvors um sig.

Engin aukastig færast á liðið.

Uppröðun leikmanna skal koma fram á leikskýrslu og óheimilt er að breyta henni, hún skal staðfest af mótherja. Þurfi að breyta röð áður en mótherji kvittar á leikskýrslu skal gerð ný leikskýrsla. Fyrstu fjórir liðsmenn á leikskýrslu eru leikmenn í fyrsta leik, aðrir eru varamenn.

Ef löglega skipað lið er ekki mætt til keppni við lok upphitunar skal viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal ekki spila til að fá stigin. Sekta skal það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigunni.

Þórhallur Hálfðánarson spurði um uppröðun manna í liðum og fékk þau svör að fjórir fyrstu á leikskýrslu séu í sömu röð í leiknum. Halldór Ragnar spurði hvort ekki þyrfti að ræða um breytingartillögu á fyrirkomulagi kvennadeildar en var bent á að þetta sé ekki breyting heldur viðbót sem sé sambærileg við fellumeðaltal og að verðlaun verði veitt í lok tímabils fyrir flest stig leikmanna að meðaltali. Rætt var um að breyta þurfi forriti sem heldur utan um keiluna og að breyta þurfi leikskýrslum. Rætt um hvernig eigi að birta leikskýrslur fyrir leiki og menn sammála um að bæði lið þurfi að birta skýrslurnar um leið. Theódóra spurði 1. deildarleikmenn sem eru á staðnum hvort þeir vilji sjá sömu breytingatillögu í 1. deild karla og menn samþykkir því. Magnús Reynisson benti á að breyta þurfi reglu um það hvaða verðlaun verði veitt eftir tímabilið. Ekki fleiri athugasemdir og tillagan borin upp fyrir allar deildir. Tillagan með áorðnum breytingum úr nefnd var samþykkt samhljóða.

14. grein var:

Fjarveruskor

„Fjarveruskor skal veitt því liði sem leikur með aðeins þrjá menn. Lið má ekki hefja leik með færri en þrjá leikmenn. Ef leikmaður yfirgefur leik, skal fjarveruskor gilda út viðureignina, þ.e. hann fær 10% af fjarveruskori viðkomandi deildar fyrir hvern þann ramma sem eftir er, nema varamaður komi inn á í hans stað í næsta leik. Seinir leikmenn fá 0 fyrir hvern þann ramma sem þeir missa af, samanber Reglu 133 í Almennum keppnisreglum KLÍ.

1. deild karla: 140 stig	1. deild kvenna: 130 stig
2. deild karla: 130 stig	2. deild kvenna: 110 stig
3. deild karla: 120 stig	
4. deild karla: 110 stig	

Leikir sem samanstanda að hluta til eða alveg af fjarveruskori verða ekki teknir með við útreikning á meðalskori. Í efstu deild karla er liði einungis heimilt að nota fjarveruskor í þremur umferðum.

14. grein verður 15. grein:

Fjarveruskor

Fjarveruskor skal veitt því liði sem leikur með aðeins þrjá menn. Lið má ekki hefja leik með færri en þrjá leikmenn. Ef leikmaður yfirgefur leik, skal fjarveruskor gilda út viðureignina, þ.e. hann fær 10% af fjarveruskori viðkomandi deildar fyrir hvern þann ramma sem eftir er, nema varamaður komi inn á í hans stað í næsta leik. Seinir leikmenn fá 0 fyrir hvern þann ramma sem þeir missa af, samanber reglu 133 í Almennum keppnisreglum KLÍ.

- | | |
|--------------------------|---------------------------|
| 1. deild karla: 140 stig | 1. deild kvenna: 120 stig |
| 2. deild karla: 130 stig | 2. deild kvenna: 110 stig |
| 3. deild karla: 120 stig | |
| 4. deild karla: 110 stig | |

Leikir sem samanstanda að hluta til eða alveg af fjarveruskori verða ekki teknir með við útreikning á meðalskoti. Í efstu deild karla er liði **ekki heimilt að nota fjarveruskor nema leikmaður sem hafið hefur leik yfirgefi hann.**

Þórhallur spurði um sama og Ingimundur hafði spurt um áður, þ.e. með að fá leikmann inn af götunni. Halldór Ragnar benti á að þetta sé ekki eitthvað sem þurfi að hafa áhyggjur af og að keilurum muni fjölga við það ef einhver lið vilji taka leikmenn inn af götunni. Tillagan var ekki rædd frekar og var samþykkt samhljóða.

15. grein var:

Réttur til verðlauna

Til að eiga kost á einstaklingsverðlaunum, þarf leikmaður að hafa lokið í það minnsta 21 leik í viðkomandi deild og þá eru úrslitakeppni og úrslitaleikir ekki taldir með.

Ef leikmaður hefur leikið í tveimur deildum, getur hann einungis unnið til verðlauna í þeirri deild sem hann hefur leikið fleiri leiki í. Ef um jafnmarga leiki er að ræða, skal hærri deildin gilda. Rétt til verðlauna, sem lið í heild vinnur til, hafa sjö leikjahæstu liðsmenn þess.

Til að skera úr um ef tveir eða fleiri leikmenn/lið eru í sama verðlaunasæti, skulu viðkomandi leika einn leik. Sé um verðlaun fyrir meðaltal að ræða skulu leiknir þrír leikir.

Sé jafnt eftir úrslitaleik skulu leiknir 9. og 10. rammi þar til úrslit fást.

Skor sem nást í úrslitaleikjum eru ekki tekin með við útreikning á meðaltali né reiknuð með á lista yfir hæstu skor í leik eða seríu í mótinu.

Séu lið jöfn að stigum eftir að keppni lýkur, skal herra pinnafall ráða.

Eftirtalin verðlaun eru veitt í deildarkeppni:

1. 1., 2. og 3. sæti liða
2. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal einstaklings
3. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal liðs.
4. Deildarmeistari – ef við á.
5. Stjórnuskjöldur – fyrir flestar stjórnur liðs að meðaltali.
6. Felluverðlaun – fyrir flestar fellur einstaklings að meðaltali.
7. Framfaraverðlaun í hverri deild – sá einstaklingur sem tekur mestum framförum
8. Deildarkeilarar karla og kvenna – kosnir af keilurum, mótanefnd sér um framkvæmd.

15. grein verður 16. grein:

Réttur til verðlauna

Til að eiga kost á einstaklingsverðlaunum, þarf leikmaður að hafa lokið í það minnsta 21 leik í viðkomandi deild og þá eru úrslitakeppni og úrslitaleikir ekki taldir með.

Ef leikmaður hefur leikið í tveimur deildum, getur hann einungis unnið til verðlauna í þeirri deild sem hann hefur leikið fleiri leiki í. Ef um jafnmarga leiki er að ræða, skal hærri deildin gilda. Rétt til verðlauna, sem lið í heild vinnur til, hafa sjö leikjahæstu liðsmenn þess.

Til að skera úr um ef tveir eða fleiri leikmenn/lið eru í sama verðlaunasæti, skulu viðkomandi leika einn leik. Sé um verðlaun fyrir meðaltal að ræða skulu leiknir þrír leikir. Sé jafnt eftir úrslitaleik skulu leiknir 9. og 10. rammi þar til úrslit fást.

Skor sem nást í úrslitaleikjum eru ekki tekin með við útreikning á meðaltali né reiknuð með á lista yfir hæstu skor í leik eða seríu í mótinu.

Séu lið jöfn að stigum eftir að keppni lýkur, skal hærra pinnafall ráða.

Eftirtalin verðlaun eru veitt í deildarkeppni:

1. 1., 2. og 3. sæti liða
2. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal einstaklings
3. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal liðs.
4. Deildarmeistari – ef við á.
5. Stjórnuskjöldur – fyrir flestar stjórnur liðs að meðaltali.
6. Felluverðlaun – fyrir flestar fellur einstaklings að meðaltali.
7. Framfaraverðlaun í hverri deild – sá einstaklingur sem tekur mestum framförum (hækkun meðaltals) á milli ára. Leikjafjöldi fyrra árs sé a.m.k. 21.
8. Deildarkeilarar karla og kvenna – kosnir af keilurum, mótanefnd sér um framkvæmd.
9. Stigameistari deildar, fyrir flest stig að meðaltali.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

16. grein var:

Lið dregur sig úr/hættir keppni

Dragi lið sig úr keppni á tímabilinu 1. júní til 31. júlí greiðir félagið kr. 5.000,- sekt. Dragi lið sig úr keppni frá 1. ágúst til upphafs keppnistímabilsins greiðir félagið fullt þáttökugjald.

Ef lið dregur sig úr keppni eftir að keppnistímabilið er hafið greiðir félagið kr. 30.000,- sekt að auki. Þá eru stig þess og skor þurrkuð út, sem og skor mótherja. Liðið fer í leikbann það sem eftir er keppnistímabilsins og ef liðið hefur keppni aftur keppnistímabilið á eftir skal það byrja í neðstu deild. Það lið sem dregur sig úr keppni endar neðst í viðkomandi deild.

16. grein verður 17. grein:

Lið dregur sig úr/hættir keppni

Dragi lið sig úr keppni á tímabilinu 15. maí til 31. júlí greiðir félagið kr. 5.000,- sekt. Dragi lið sig úr keppni frá 1. ágúst til upphafs keppnistímabilsins greiðir félagið fullt þáttökugjald. Ef lið dregur sig úr keppni eftir að keppnistímabilið er hafið greiðir félagið kr. 30.000,- sekt að auki. Þá eru stig þess og skor þurrkuð út, sem og skor mótherja.

Liðið fer í leikbann það sem eftir er keppnistímabilsins og ef liðið hefur keppni aftur keppnistímabilið á eftir skal það byrja í neðstu deild.
Það lið sem dregur sig úr keppni endar neðst í viðkomandi deild.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Pingskjal 9

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga

1. grein var:

Íslandsmót einstaklinga skal haldið árlega í febrúar/mars.

1. grein verður:

Íslandsmót einstaklinga skal haldið árlega fyrri part árs. Leitast skal við að hafa a.m.k. 4 vikur móta og Íslandsmót einstaklinga með forgjöf skal spilað á undan.

Halldór Ragnar óskaði eftir að bil milli móta verði a.m.k. 4 vikur en ekki tvær eins og upphaflega tillagan gerði ráð fyrir. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum gegn engu.

Nefndin lagði einnig til breytingar á 7. og 8. grein. Tillagan gekk út á það að sá sem leiði mótið eigi meiri möguleika en hinir. Theódóra benti á að skipulag mótsins sé þrjúþætt og að það þurfi að vera góður á öllum þrepum til að komast í úrslit. Haraldur sammála um það að leysa þurfi allar þrjár þrautirnar. Úrslitin maður á mann eigi að hafa jafnt vægi og hinir þættirnir. Þórhallur benti á að sá sem leiði mótið haldi skorinu alla leið en ekki inn í úrslit. Halldór Ragnar, Valgeir og Theódóra vilja ekki sjá breytingu og benda þingfulltrúum á að hugsa málið vel. Tillagan felld með 10 atkvæðum gegn einu.

Þingskjal 10

Regla KLÍ um meistarkeppni ungmenna

2. grein var:

Keppt skal í þrem flokkum, þ.e.

1. flokkur 19 – 20 – 21 – 22 ára Ath. Hér stóð að leiknir skyldu xx leikir..
2. flokkur 15 – 16 – 17 – 18 ára ATH. Hér stóð að leiknir skyldu xx leikir...
3. flokkur 11 – 12 – 13 – 14 ára

Miða skal við afmælisár, en keppendur halda sínum flokki fram yfir áramótin og til loka móts.

2. grein verður:

Keppt skal í fjórum flokkum, þ.e.

1. flokkur 20 – 21 – 22 ára
2. flokkur 17 – 18 – 19 ára
3. flokkur 14 – 15 – 16 ára
4. flokkur 11 – 12 – 13 ára

Miða skal við afmælisár, en keppendur halda sínum flokki fram yfir áramótin og til loka móts.

Þingskjal kom óbreytt úr nefnd og tók enginn til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 12

Reglugerð um heiðursviðurkenningar KLÍ (nýtt)

1. grein

KLÍ veitir við sérstök tækifæri einstaklingum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið og keiluna í landinu.

2. grein

Heiðursviðurkenningar KLÍ skiptast í eftirfarandi flokka:

- a) Gullmerki KLÍ
- b) Silfurmerki KLÍ
- c) Afreksmerki KLÍ

3. grein

Gullmerki KLÍ skal aðeins veita þeim einstaklingum sem unnið hafa keilufþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf.

4. grein

Silfurmerki KLÍ skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu keilufþróttarinnar í landinu.

5. grein

Afreksmerki KLÍ skal einungis veitt einstaklingi sem hefur skilað yfirburðaárangri í keppnum og tekið þátt í landskeppnum fyrir Íslands hönd.

6. grein

Halda skal skrá yfir allar heiðursviðurkenningar KLÍ.

Tillagan kom óbreytt úr nefnd og tók enginn til máls. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingskjöl 13.1 og 13.2

Reglugerð KLÍ um deildabíkar liða (nýtt)

1. grein

Deildabíkar liða skal halda árlega, minnst 5 sinnum á tímabilinu 1. september – 30. apríl.

2. grein

Rétt til þátttöku hafa öll lið sem starfa innan vébanda Keilusambands Íslands. Félög skulu tilkynna þátttöku í Deildabíkarkeppni liða eigi síðar en 15. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum.

3. grein

Deildabíkar skal leika mest einu sinni í mánuði og má gefa frí í deildum þá vikuna. Leikinn skal þrímenningur og geta hvaða þrír löglegir leikmenn hvers liðs spilað saman. Heimilt er að skipta um leikmenn og breyta röð eftir hvern leik.

4. grein

Ef fjöldi þátttökuliða er 10 eða færri skal leika í einum riðli, allir við alla í hverri umferð. Ef fjöldi liða fer yfir 10 lið skal skipta keppninni upp í tvo riðla og ef lið verða fleiri en 20 skal skipta keppninni upp í þrjá riðla. Ef spilað er í tveimur riðlum skal fara fram úrslitakeppni í lokin þar sem tvö efstu liðin úr hvorum riðli spila tvöfalda umferð á einu kvöldi. Ef riðlarnir eru þrír skal spila úrslitakeppni með einfaldri umferð, tvö efstu liðin úr forkeppninni. Eftir úrslitakeppni hlýtur efsta liðið titilinn Deildabíkarameistari. Ef leikið er í einum riðli og lið eru fleiri en 6 skal leika umferðina á tveimur kvöldum samliggjandi.

5. grein

Fyrir hvert keppniskvöld í umferð skulu fyrirliðar eða staðgenglar þeirra skrifa á leikskýrslu nöfn þeirra leikmanna sem eiga að vera í keppnisliði liðsins í viðureigninni (mest 8 menn, minnst 3) og nafn aðstoðarmanns liðsins, ef einhver er. Eftir upphaf fyrsta leiks keppniskvölds má engar breytingar gera á keppnisliðinu í umferðinni.

Í lok hvers leiks skal fyrirliði liðsins eða staðgengill hans fylla út skýrsluna með skortölum allra leikmanna í liðinu og fá staðfestingu fyrirliða hins liðsins eða staðgengils hans um að skýrslan sé rétt fyllt út. Ef lið fyllir ekki út skorreiti eða samtalsreiti leikskýrslunnar er aganefnd KLÍ heimilt að refsa liðinu með fjársekt. Eftir viðureign skal afhenda dómara skýrsluna og skorblöð.

6. grein

Ef löglega skipað lið, 3 leikmenn, er ekki mætt til keppni við upphaf hvers leiks skal viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal ekki spila til að fá stigin. Sekta skal það lið, sem ekki mætir, um a.m.k. það sem nemur tvöfaldrí brautarleigunni.

7. grein

Stigagjöf

Gefin skulu tvö stig fyrir sigur og eitt fyrir jafntefli í hverjum leik.

8. grein

Frestun viðureignar

Engar frestanir einstakra liða eru veittar í Deildabíkar. Mótanefnd er þó heimilt að fresta umferð vegna veigamikilla ástæðna.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguerfiðleikar vegna veðurs
2. Leikmenn liða eru fjarverandi í keppni á vegum KLÍ.

Mótanefnd tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða um frestun og nýjan leiktíma eins fljótt og auðið er, sem og öðrum sem málið kann að varða.

9. grein

Fjarveruskor

Ekkert fjarveruskor er í Deildabíkar, þó með þeirri undantekningu að ef leikmaður hefur leik og þarf að hverfa frá vegna meiðsla þá fær leikmaður 10% af fjarveruskori, fyrir hvern ramma. Fjarveruskor er 120 stig fyrir hvern leik.

10. grein

Kærufrestur

Kærufrestur í Deildabíkar liða er 7 dagar.

11. grein

Framkvæmd Deildabíkar liða skal vera í höndum mótanefndar KLÍ.

12. grein

Þátttökugjald í Deildabíkar liða ákveður KLÍ í upphafi hvers keppnistímabils.

Breytingar urðu á tillögunni í Laga- og leikreglanefnd. Magnús Reynisson benti á dagsetningarvillur og aðrar tæknilegar breytingar. Rætt var um lengd á leiktíma og hvort þurfi að gefa frí í karladeildum á meðan. Theódóra spurði hvort pláss væri fyrir 8 leikmenn á leikskýrslu en fékk svör um að búnar verði til nýjar skýrslur. Þórhallur kom með breytingartillögu um að sleppa því að gefa frí og Valgeir benti á að breyta þurfi orðalagi úr skal gefa frí í má gefa frí þannig að mótanefnd hafi valmöguleika um það. Ekki urðu frekari umræður um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Þingskjal 14

Reglugerð um val á keilurum ársins (nýtt)

1. grein

Stjórn KLÍ velur í árslok keilara ársins, karl og konu.

2. grein

Megináhersla skal lögð á besta árangur yfir liðið almanaksár.

3. grein

Keilarar ársins skulu hafa gefið jákvæða mynd af keiluíþróttinni með árangri sínum í keppnum og með hegðun sinni og framkomu. Þeir skulu vera annarri íþróttæsku til fyrirmyndar.

Breyting varð á tillögunni í nefnd og tók enginn til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar lagabálkinn í heild sinni undir atkvæði þingfulltrúar og var hann samþykktur samhljóða með 15 atkvæðum gegn engu.

Tillögur sem bornar voru fram en ekki greidd atkvæði um:

Tillaga frá Keiludeild KR (þingskjal 8E):

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða

Hefja liðakeppni í 1. deild karla fyrr, um miðjan september. Gera síðan hlé eftir fjórar umferðir og hafa stórt einstaklingsmót.

Laga- og leikreglnanefnd lagði til að stjórn KLÍ verði falið þetta til framkvæmdar. Fer ekki inn í reglugerð um Íslandsmót liða.

Tillaga frá Keiludeild KR (þingskjal 8F):

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða

Koma á (aftur) A, B og C liða kerfi. Fyrirkomulag: Leikmenn mega skipta um lið innan A, B og C liða á milli umferða. Skiptin: skipta má **upp** um lið eftir hverja umferð. Hver leikmaður má skipta **niður** um lið eftir hverja umferð 2 sinnum á keppnistímabili. Ekki má skipta á milli A, B og C liða eftir 1. febrúar hvert ár. Ekki má skipta um lið í bikarkeppni.

Laga- og leikreglnanefnd ræddi þetta og velti fyrir sér framkvæmd og lagði til að laga- og leikreglnanefnd taki við þessu og komi með útfærslu fyrir næsta þing. Vísað til stjórnar KLÍ sem mun setja þetta inn í starfandi nefnd.

Tillaga frá Keiludeild KR (þingskjal 11)

**REGLA UM FÉLAGAKEPPNI – NÝTT
KOMA Á FÉLAGAKEPPNI**

Fyrirkomulag: Keppt 4-6 sinnum á ári.

Keppt við eitt lið í hverri umferð. Sex í liði.

Keppt í tvímenningi, 3 leikir (við öll lið mótherjans).

2 stig á leik fyrir sigur, 1 fyrir jafntefli.

Keppt í þrímenningi, 2 leikir (við bæði lið mótherjans).

2 stig á leik fyrir sigur, 1 fyrir jafntefli.

Keppt í fimm manna Baker. Fimm leikir

2 stig á leik fyrir sigur, 1 fyrir jafntefli. á hvern leik.

Samtals er því hægt að fá 18 stig úr hverri umferð.

Það félag sem fær flest heildarstig eftir allar umferðirnar verður meistari.

Félög geta tekið sig saman um að senda lið til keppni.

Keppnin er blönduð, þ.e. það mega vera bæði karlar og konur í sama liði.

Laga- og leikreglnanefnd ákvað að tillagan yrði ekki sett í reglugerð en henni var vísað af öllum þingfulltrúum til stjórnar KLÍ til þess að eiga frumkvæði að því að koma þessari keppni á fót.

Tillögur sem laga- og leikreglanefnd vísaði frá:

Tillaga frá Keiludeild ÍR (þingskjal 4):

Reglugerð KLÍ um keilumót

4. grein

Í öllum mótum sem reiknast eiga inn í allsherjar meðaltal skal dómari viðurkenndur af KLÍ vera viðstaddur, þó ekki í öðrum deildum í Íslandsmóti liða en 1. deild karla og 1. deild kvenna. (Sjá Reglugerð fyrir dómara). Einungis met sett í slíkum mótum eða met sett í viðurkenndum mótum erlendis verða viðurkennd sem Íslandsmet (sjá Reglugerð um skráningu skors).

Halldór Ragnar samþykkti fyrir hönd ÍR að tillögunni yrði vísað frá.

Tillögur sem dregnar voru til baka:

Tillaga frá Keiludeild ÍR (þingskjal 8C):

Reglugerð um Íslandsmót liða

Fyrirkomulag: 12 lið. 6 spila í Öskjuhlíð og 6 í KÍM. Hvert lið spilar einn leik á móti þremur liðum í hverri umferð. Spilaðar skulu 11 umferðir fyrir áramót. Að loknum 11 umferðum skiptist deildin í 6 efstu sem spila um tvö sæti sem veita rétt á þátttöku í úrslitakeppninni og 6 neðstu um tvö fallsæti.

6 efstu liðin halda stigunum úr fyrri hluta mótsins og keppa síðan áfram tíu umferðir þar sem hvert lið spilar við 3 lið í hverri umferð. Tvö efstu liðin að loknum þessum tíu umferðum fara í úrslitakeppni.

Úrslitakeppnin: Liðin spila 3 leiki í hverri viðureign þangað til annað hefur náð 16 stigum. Veitt er 2 stig fyrir sigur og eitt fyrir jafntefli. Það lið sem fyrr nær 16 stigum verður Íslandsmeistair í liðakeppni í keilu.

Sex neðstu liðin halda stigunum úr fyrri hluta mótsins og keppa síðan áfram tíu umferðir þar sem hvert lið spilar við þrjú lið í hverri umferð. Tvö neðstu liðin að loknum þessum tíu umferðum falla í 2. deild.

Alltaf skulu veitt tvö stig fyrir sigur og eitt fyrir jafntefli.

Allsherjarnefnd: Unnur Vilhjálmisdóttir tók til máls og spurði hvort allsherjarnefnd frá síðasta þingi hafi starfað og óskaði eftir að hún haldi áfram að starfa að kynningarstörfum í þágu keilunnar. Halldór Ragnar spurði hvort nefndin hafi starfað og Ásgrímur svaraði því og lýsti því að nefndin hafi aðallega fjallað um deildarfyrirkomulag og að meginþorri þess sem komið hafi út úr nefndinni liggi fyrir þessu þingi sem breytingartillögur. Lísá kom með tillögu um að senda á fjölmiðla safnmöppu um keiluna með öllum helstu upplýsingum sem þar þurfi að vera. Þórhallur benti á að nefndin þurfi að halda áfram að fjalla um útbreiðslustörf og lagði þá Ásgrímur til að skipuð verði sérstök nefnd til að sjá um kynningarmál. Þingið veitti stjórninni umboð til að skipa nefndina áfram og tillaga kom fram um að skipa aðra nefnd sem sjái um kynningarmál. Næstu stjórn falið að skipa eina eða tvær nefndir.

Kjörnefnd: Stjórnarkjör Sigríður Klemensdóttir og Björgvin Björgvinsson ganga út úr stjórn KLÍ. Sigríður óskar eftir endurkjöri og Sigfríður Sigurðardóttir gefur kost á sér í stjórn. Til varastjórnar eru í kjöri Björgvin Björgvinsson, Ásgrímur Einarsson, Magnús Reynisson og Theódóra Ólafsdóttir. Kjósa þarf 3 menn í varastjórn. Kjörnefnd gerir tillögu að óbreyttum endurskoðendum, Guðna S. Gústafssyni og Péttri Hauki Helgasyni og Sirrý Hrönn Haraldsdóttur og Hjalta Ástbjörnssyni til vara.

Þingforseti gerði athugasemd um framkvæmd kosningar á varastjórn og kosningin er endurtekin.

Atkvæði féllu þannig að lokinni kosningu:

Ásgrímur H. Einarsson	11 atkvæði
Björgvin Björgvinsson	8 atkvæði
Magnús Reynisson	4 atkvæði
Theódóra Ólafsdóttir	10 atkvæði

Tveir atkvæðaseðlar voru úrskurðaðir ógildir. Réttkjörin í varastjórn voru Ásgrímur, Theódóra og Björgvin. Búið var að kjósa fulltrúa til íþróttáþings og voru skoðunarmenn reikninga endurkjörnir.

Dagskrá var að þessu loknu tæmd og tók formaður KLÍ til máls og þakkaði starfsmönnum þingsins og Magnúsi Reynissyni og Björgvini Björgvinssyni fyrir þeirra störf í þágu stjórnar KLÍ.

Þingforseti þakkaði fyrir fjörugt þing og fjallaði um reynslu sína af keilu. Væntir þess að breytingar sem gerðar hafa verið verði íþróttinni til góðs.

Þingi slitið kl. 23:05.

Kópavogi, maí 2002
Sigfríður Sigurðardóttir, þingritari